

Aðalfundur Karalakórs Hreppamanna 23. október 2018

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var 24. október 2017 var skipað í nefndir og ráð eins og venja er. Breytingar urðu á stjórn þegar þeir Snorri Jóhannesson og Ásmundur Sverrir Pálsson gengu úr stjórn. Í stað þeirra voru tilnefndir í stjórn, Sigmundur Brynjólfsson úr 1. bassa og Úlfhéðinn Sigurmundsson úr 2. tenór og voru þær tilnefningar samþykktar með lófaklappi. Ein ný nefnd, Lagavalsnefnd var sett á laggirnar, en hennar hlutverk er að vinna með stjórnanda kórsins að lagavali fyrir komandi starfsár.

Starfsárið 2017-2018:

Árið byrjaði á því að Edit óskaði eftir því að láta af störfum sem stjórnandi kórsins. Eftir 20 ára starf fannst henni vera komin tími á að kveðja og sleppa af okkur hendinni. Hún féllst þó á að starfa með okkur fram yfir fyrirhugaða Þýskalandskerð sem var plönuð um miðjan október. Hófst nú mikil leit að nýjum stjórnanda, eitthvað sem við höfðum aldrei staðið frammi fyrir fyrir í sögu kórsins. Eftir mörg samtöl, góðar ábendingar og ráð, var loks gengið frá samningi við Guðmund Óla Gunnarsson, sem tók við stjórn kórsins 31. október.

19. september var svo fyrsta æfing starfsársins.

23. september bauð félagi okkar, Sigmundur Jóhannesson til veislu í tilefni 60 ára afmælis hans og söng kórinn að sjálfsgöðu honum til heiðurs af því tilefni.

13-17. október var komið að ferðinni okkar til München sem var einskonar lokahnykkur á 20 ára afmælisárinu okkar. Ferðin tókst einstaklega vel og verður minnst fyrir einmuna veðurbliðu, fallegrar náttúru og allskonar uppákomum hvort sem þær voru skipulagðar eða ekki.

31. október var svo fyrsta æfing með nýjum kórstjóra, Guðmundi Óla Gunnarssyni.

3. nóvember var komið að árlegu karlavöldi KKH í umsjón 1. bassa. Eiga þeir hrós skilið fyrir flott kvöld.

17. nóvember var árlegur kórahittingur kóranna hérna í uppsveitunum.

12. desember var síðasta æfing fyrir jól með hefðbundnum hætti þar sem mökum var boðið að hlýða á sýnishorn af því sem var á æfingaprógramminu okkar, ásamt því að þiggja léttar veitingar í lok æfingar.

9. janúar var fyrsta æfing á nýju ári.

3. febrúar var æfingadagur í félagsheimili Karalakórs Selfoss.

2. mars söng kórinn við útför Jóhannesar Sigmundssonar frá Syðra-Langholti sem gerð var frá Skálholtskirkju.

Eftir stopular æfingar í mars þar sem veikindi kórstjóra settu strik í reikninginn var tekin mikill endasprettur eftir páska og 19. apríl var komið að fyrstu tónleikum vorsins í Guðríðarkirkju.

20. apríl vorum við svo mætt í Selfoskirkju með vortónleikana

21. apríl enduðum við svo tónleikaröðina með glæsilegum tónleikum í Félagsheimilinu á Flúðum

Með okkur á öllum tóleikunum voru miklir snillingar, söngkonan Kristjana Stefánsdóttir, Vignir Stefánsson á píanó, Jón Rafnsson á bassa og Erik Qvick á trommur.

Rétt er að þakka kórfélögum fyrir þrautseigju og fórnfýsi á endaspretti æfingatímans sem gerði okkur kleift að gera þessa glæsilegu tónleika að veruleika.

28. apríl Vorferð með mökum þar sem farið var vítt og breytt um Flóann og margir áhugaverðir staðir heimsóttir. Enduðum svo í kvöldverð í Vatnsholti.

9. júní var komið að árlegum útreiðartúr á vegum skemmtinefndar. Lagt var að stað frá Reiðhöllinni á Flúðum og farinn góður hringur vestur að Hvítá, komið við á Ísabakka og Hrafnkellstöðum á leiðinni til baka í Reiðhöllina, þar sem vegleg grilveisla að hætti Agnars beið reiðmanna og gesta. Aldrei þessu vant féllu nokkrir dropar úr lofti.

11. júlí komum við saman á æfingu á Flúðum vegna útfarar Guðjóns Gunnarssonar frá Tjörn. Æfðum svo aftur 15. júlí í Skálholti og sungum svo við úförina sem gerð var frá Skálholti 16. júlí.

Svona hljómar samantekt starfsársins í grófum dráttum. Ef allt er talið, æfingar, tónleikar og aðrar uppákomur, eru þetta ca. 40 skipti sem kórinn hefur komið saman.

Að lokum vil ég þakka ykkur félagar, fyrir vel unnin störf og gott samstarf á liðnu starfsári, og sérstakar þakkir fær söngskrárnefnd fyrir gríðarlega gott starf.

Helgi Már Gunnarsson, formaður